



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Á fundi borgarráðs, 12. ágúst 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að vita hvort það sé fyrirhugað að veita kennurum og starfsfólki grunnskóla í Reykjavík sérstakan stuðning eða umbun í ljósi álags sem verið hefur á þessum stéttum vegna COVID. Nú er fyrirséð að veturinn sem er handan við hornið verður ekki léttari enda COVID enn í algleymingi. Kennarar eru margir uggandi yfir upphafi skólastarfs í ljósi aðstæðna. Margir kennarar eru þreyttir og hafa jafnvel ekki náð að hvílast nægjanlega í sumar. Í þessu sambandi er fulltrúi Flokks fólksins að hugsa sem dæmi um aukinn sveigjanleika varðandi vinnutíma og/eða fjölgun í ráðningum t.d. tímabundið.

Svar:

Kórónuveirufaraldurinn hafði svo sannarlega víðtæk áhrif á einstaklinga og störf víða um samfélagið, ekki síst í heilbrigðisgeira og í skóla- og frístundastarfi. Á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs voru stjórnendur hvattir til að leggja kapp á að gera sitt besta til að draga úr álagi á starfsstöðvunum. Það var meðal annars gert með því að nýta mögulegan sveigjanleika sem myndaðist, t.d. við hólfanir, og eins var verkefnum forgangsraðað og einhverjum frestað til að draga úr álagi. Fundahöld voru í lágmarki og í grunnskólum var m.a. áhersla lögð á að nýta möguleika fjarsamvinnu kennara við undirbúning kennslu. Þá lögðu stjórnendur áherslu á að sýna starfsfólki þakklæti og stuðning, svo sem með glaðningi í kringum jól og páska, óvæntum viðburðum, gjöfum og veitingum á starfsstaðnum og fleira. Lögð var áhersla á teymisvinnu kennara og starfsfólks og hvatt til jákvæðra viðhorfa til að léttu álag og horfa björtum augum til framtíðar.